

Svar

innanríkisráðherra við fyrirspurn frá Þorsteini Magnússyni um tvöfalt lögheimili.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hyggst ráðherra beita sér fyrir lagabreytingum sem fela í sér að foreldrum sem fara sameiginlega með forsjá barns en búa ekki saman verði heimilað að skrá lögheimili barnsins hjá báðum foreldrum?

Engin áform eru uppi í ráðuneytinu um að heimila skráningu tvöfalds lögheimilis barna. Slík grundvallarbreyting hefði áhrif á margt í löggjöf hér á landi hvað varðar réttindi fólks og skyldur og kallaði á ítarlega rannsókn á mörgum lagabálkum.

Bent skal á að á Alþingi er komin fram tillaga til þingsályktunar um jafnt búsetuform barna sem búa á tveimur heimilum (þskj. 70 í 70. máli). Í þeirri tillögu og greinargerð sem henni fylgir eru nefnd ýmis atriði sem vert væri að kanna, án þess að tvöfalt lögheimili komi til, varðandi mun á milli foreldra sem hafa sameiginlega forsjá barns en lögheimili þess skráð á einum stað.

Rétt er að taka fram að á síðustu missirum hafa ýmsar breytingar og nýmæli tekið gildi á barnalögum, nr. 76/2003, sbr. lög nr. 61/2012 og nr. 144/2012. Má þar m.a. nefna nýjan kafla um réttindi barns, enn fremur nýmæli sem afmarka frekar hlutverk foreldra sem fara sameiginlega með forsjá barns en búa ekki saman, skyldu foreldra til að leita sátta hjá sýslumanni um tiltekin ágreiningsefni og skýrari ákvæði um umgengnisrétt og rétt til að höfða lögheimilismál án tengsla við forsjáragreiningu.

Framangreindar breytingar á barnalögum byggðust á nokkurra ára starfi skipaðrar nefndar sem hafði víðtækt samráð við fagfólk. Þá kynnti nefndin sér nokkuð rækilega löggjöf og framkvæmd í þessum málaflokki annars staðar á Norðurlöndum og tók tillit til þeirra alþjóðlegru samninga og samþykktu sem Ísland er aðili að og varða barnaréttinn, sérstaklega samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins.

Í athugasemdum við lagafrumvarpið sem varð að lögum nr. 61/2012 eru tilgreind nokkur helstu álitæfni sem framangreind nefnd tók afstöðu til, t.d. hvað varðar lögheimili barns. Bent var á að gildandi barnalög gerðu þá kröfu að jafnvel þótt foreldrar færu með sameiginlega forsjá skyldu þeir ákveða hjá hvoru þeirra barn ætti lögheimili og hefði fasta búsetu. Umræðan um búsetu snerist fyrst og fremst um það hvort barni væri fyrir bestu að eiga formlega eitt heimili eða formlega fasta búsetu á einum stað, sem hefði þá í för með sér að það foreldri sem barnið byggði hjá hefði rýmri heimildir til að ráða tilteknum málum til lykta ef ágreiningur yrði. Þá var sagt í athugasemdunum að hvergi á Norðurlöndum væri gert ráð fyrir að foreldrar gætu samið um að barn ætti tvö lögheimili og taldi nefndin flest rök mæla gegn því. Um frekari rökstuðning nefndarinnar og þeirrar ákvörðunar innanríkisráðuneytisins að tvöfalt lögheimili yrði ekki tekið upp í frumvarpið vísast til þskj. 328 í 290. máli á 140. löggjafarþingi.

